

Garðabæ 11. júlí 2016

Efni: Samþykki foreldraráðs um að færa hálfan skipulagsdag sem áætlaður var þann 2. janúar 2017 til 24. maí 2017

Foreldraráð Hæðarbóls fékk til umsagnar tillögu um að færa hálfan starfsdag vegna fyrirhugaðrar námsferðar starfsfólks leikskólans Hæðarbóls til Brighton í Englandi með það að markmiði að læra um notkun Numicon kubba í stærðfræðikennslu.

Um er að ræða að færa hálfan starfsdag þann 2. janúar 2017 (fyrir hádegi) til 24. maí 2017 (eftir hádegi).

Foreldraráð sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þessa breytingu á skóladagatali þar sem að fyrirvarinn er mjög langur og ætti því ekki að valda óþægindum.

Fulltrúar foreldraráðs styðja það einróma að starfsfólk Hæðarbóls komist í þessa námsferð og þykir ferðin vera af hinu góða og styrkja enn frekar það góða starf sem unnið er á Hæðarbóli.

Með vinsemd,

Fulltrúar í foreldraráði leikskólans Hæðarbóls

Fyrir hönd foreldraráðs
Helga Margrét Pálsdóttir